

FORSÆTISNEFND 27. febrúar 2020: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um fundaumsjónakerfi í borgarstjórnarsalnum - R20020293

Í kjölfar fjölgunar borgarfulltrúa Reykjavíkur úr 15 í 23 við síðustu borgarstjórnarkosningar var farið í umfangsmiklar breytingar á fundarsal borgarstjórnar í Ráðhúsi Reykjavíkur. Áætlaður kostnaður var í heildina 84 milljónum krónum. Hluti af þeirri framkvæmd var uppsetning fundaumsjónarkerfis sem voru ætlaðir til að tala úr sæti. Kostnaður við það eitt var 34 milljónir. Kerfið er komið og standa hljóðnemar á hverju borði með tilheyrandi tengingum. Þeir hafa hins vegar aldrei komist í gagn. Flokkur fólksins óskar að vita ástæðu þess að kerfið komst aldrei í gagn. Einnig hvort hægt er að skila kerfinu og fá það endurgreitt?